

Ágúst 2023



HVATARBLAÐIÐ

GRÍMSÆVINTÝRI Á BORG 12. ÁGÚST

Dagskrá frá 13.00-16.30

TOMBÓLA - KLIFURVEGGUR - BLÚNDUKAFFI

MARKAÐUR - HÚLLAN DÚLLAN - BMX BRÓS

TINTRON - LEIKFÉLAGIÐ BORG - POPP OG CANDYFLOSS

TOMBÓLA - MIÐAVERÐ 500KR - ENGIN NÚLL

Fritt í sund á meðan hátíðinni stendur - flott tjaldsvæði á staðnum

ÖLL VELKOMIN - Frír aðgangur



Grímsævintýri á Borg er litil sveitahátíð í umsjón Kvenfélags Grímsneshrepps. Hátíðin er styrkt af Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sumarleyfi



Skrifstofa Grímsnes- og
Grafningshrepps
verður lokað vegna sumarleyfa
frá

17. júlí til og með
11. ágúst 2023

Sveitarstjórn verður í
sumarleyfi í júlí og næstu
fundir sveitarstjórnar eru
29. júní og 17. ágúst.



Styrktarreikningur
sveitarinnar er:
0586-26-456
kt. 490487-1319



**Fylgstu með nýjustu fréttum
sveitarfélagsins á www.gogg.is**



Í sumar hefur vinnuskólinn ásamt Guðmundi umsjónarmanni
sinnt mörgum fjölbreyttum verkefnum.

Sveitarfélagið þakkar fyrir vel unnin störf í sumar.



Grímsnes- og Grafningshreppur


Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.



Verslunarmannahelgin á Úlfljótsvatni

Líkt og fyrri ár mun Úlfljótsvatn bjóða upp á
ævintýralega fjölskyldudagskrá um
Verslunarmannahelgina.

Frá föstudegi til mánudags verður dagskráin
margvísleg og meðal annars boðið uppá klifur,
bogfimi, báta, vatnasafarí, vatnsbyssufjör,
frisbígolf, grill, varðelda og kvöldvökur.

Leikhópurinn Lotta mun einnig skemmta okkur
með sínu frábæra leikriti og gera helgina
ógleymanlega.

Við hlökkum til að sjá ykkur öll á Úlfljótsvatni.



Kerhólsskóli

Leikskóladeild Kerhólsskóla
Opnar eftir sumarfrí 9. ágúst kl. 10.00

Skólasetning

Grunnskóladeildar Kerhólsskóla verður
þriðjudaginn 22. ágúst kl. 13.00 í
Félagsheimilinu Borg

Miðvikudaginn 23. ágúst byrjar hefðbundið
skólastarf samkvæmt stundatöflu.

Skráning í frístund (vistun eftir skóla) fyrir
börn í 1.- 4. bekk fer fram á
skólasetningardegi.
Umsjónarkennarar verða með eyðublöð.

Jóna Björg Jónsdóttir
Skólastjóri Kerhólsskóla



Verzlunin Borg

OPNUNARTÍMI FRÁ 15. MAÍ 2023

MÁNUDAGA – FIMMTUDAGA 09:00 – 19:00
FÖSTUDAGA OG LAUGARDAGA 09:00 – 21:00
SUNNUDAGA 11:00 – 19:00



MIDNIGHTSPECIALLCUP@GMAIL.COM





JÞ Verk ehf.
Jarðvinnuverktaki



Jóhannes 848-1123 &
Guðmundur 868-4115



jtverkehf@gmail.com

Græna Kannan – Kaffihús Sólheimum



Opnunartími Grænu könnunnar og Völu í
ágúst 2023

Virkir dagar opið 11:00 til 18:00

Breytist frá og með 14. ágúst til 31. ágúst

virkir dagar 11:00 til 16:00

helgar 11:00 til 18:00

Mötuneyti Sólheima opið 11:30 til 13:00

(breyttur opnunartími)

Græna Kannan er kaffi- og samveruhús íbúa Sólheima og gesta. Ef þú vilt upplifa Sólheima með bragðlaukunum þá er Græna Kannan þinn heppilegasti kostur. Græna Kannan er staðsett í hjarta Sólheima og notar hráefni úr nærumhverfinu svo sem gróðurhúsinu Sunnu og matjurtagarðinum Tröllagarði.

Í Grænu Könnunni má einnig finna Listmunaverslunina Völu, fallega listmuni, kerti, tún vottaðar jurtavörur sem eru framleiddar úr náttúrulegum hráefnum og jurtum úr jurtagarði Sólheima, auk fullt af spennandi vörum sem íbúar Sólheima búa til. Oft eru upptækur á kaffihúsinu og má sjá yfirlit yfir komandi atburði í dálknum „Á döfinni“ í Upplýsingatorginu.



Verið velkomin í kaffi á Grænu Könnuna!

Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2023

9.-11. ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
12. ágúst	Grímsævintýri
14. septemb.	Hautfundur/ gróðursetning í yndisskógi á Borg
23. septemb.	Dagsferð að hausti
27. október	Gímuball
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur



Heimasíða: bruestate.is

Nokkur borð laus !

GRÍMSÆVINTÝRI

Borg 12. ágúst 2023



Grímsævintýri á Borg, 12. ágúst 2023

Við í Kvenfélagi Grímsneshrepps erum byrjaðar að huga að okkar árlegu Grímsævintýrum sem verða haldin laugardaginn 12. ágúst í ár.

Tombóla, fjölskylduhátíð, markaður!

Ert þú með þína framleiðslu í handverki
sem þú vilt selja?

Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.

Lítið borð: 4.500kr Stórt borð: 5.500kr

Tekið er við borðapöntunum fyrir markaðinn

á netfangið grimsaevintyri@gmail.com

Fylgstu með viðburðinum á Facebook –

Grímsævintýri á Borg 2023

Nýr leikvöllur við Hraunbraut



Torgið við Stjórnsýsluhúsið



Nú er unnið að endurbótum á torginu við Stjórnsýsluhúsið, áætluð verklok eru í ágúst 2023



Sveitarstjórn 551. fundur 10. júlí 2023
kl. 09:00–09:40 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir oddviti
- Anna Katarzyna Wozniczka í fjarveru Björns Kristins Pálmarssonar
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iða Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iða Marsibil Jónsdóttir.

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

a) Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis.

1. Skólaakstur í Grímsnes- og Grafningshreppi, niðurstöður útboðs.

Fyrir liggja niðurstöður útboðs í skólaakstur fyrir skólaárin 2023 – 2025. Tilboð bárust frá Borg805 í samningshluta 1, 13.868.800,- kr. og í samningshluta 2, 13.120.000,- kr. Tilboð barst frá Guðmundi Jóhannessyni í samningshluta 3, 11.492.000,- kr.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðendur fyrir hvorn samningshluta fyrir sig, Borg805 vegna samningshluta 1 og 2 og Guðmund Jóhannesson vegna samningshluta 3.

2. Álit innviðaráðuneytisins í máli IRN22010877.

Fyrir liggur álit og fyrirmæli innviðaráðuneytisins vegna stjórnsýslu sveitarfélagsins í máli IRN22010877. Í álitinu er fjallað um lögmæti gjaldskrár sveitarfélagsins vegna aðgangs að sundlaug og íþróttamiðstöðinni Borg. Að mati ráðuneytisins er gjaldskrá sveitarfélagsins Grímsnes- og Grafningshrepps vegna aðgangs að sundlaug og íþróttamiðstöðinni Borg sem rekin er af sveitarfélaginu ekki í samræmi við jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar og er því ólögmæt að mati ráðuneytisins. Í ljósi niðurstöðu ráðuneytisins og þess hvernig mál þetta er vaxið telur ráðuneytið ástæðu til að gefa sveitarfélaginu þau fyrirmæli að koma gjaldskrá sveitarfélagsins vegna aðgangs að íþróttamiðstöðinni Borg í lögmætt horf og fer ráðuneytið fram á að verða upplýst um viðbrögð sveitarfélagsins við álitinu fyrir 1. ágúst 2023. Álit og fyrirmæli innviðaráðuneytisins lögð fram til kynningar.

3. Aðalskipulagsbreyting vegna íþróttasvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis við Borg.

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar á svæði sunnan Þjóðveggar við Þéttbýlið að Borg í Grímsnesi. Breytingin tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði innan núverandi golfvallarsvæðis þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir gistingu auk annarrar þjónustu við notendur golfvallarins. Að auki er skilgreint nýtt íþróttasvæði syðst á svæðinu sem tekur til uppbyggingar á hesthúsasvæði og aðstöðu fyrir hestaíþróttir. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa UTU falið að kynna tillöguna með viðeigandi hætti og leita umsagna hjá opinberum aðilum.

4. Útboð vegna snjómoksturs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur að fara þarf í útboð vegna snjómoksturs í Grímsnes- og Grafningshreppi fyrir næsta vetur, þar sem samningar eru lausir. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipa vinnuhóp um útboðið sem í sitja, sveitarstjóri, umsónarmaður umhverfismála og Smári Bergmann Kolbeinsson, formaður framkvæmda- og veitunefndar.

5. Samningar vegna Byggðarþróunarfulltrúa Uppsveita Árnessýslu.

Samningur SASS við Bláskógabyggð f.h. Uppsveita um atvinnu- og byggðarþróun. Drög að samningi Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um samstarf um atvinnu- og byggðarþróun. Lagður var fram samningur SASS við Bláskógabyggð f.h. sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu, þ.e. Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um atvinnu- og byggðarþróun innan sveitarfélaganna. Samningurinn byggir á samningi við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðarþróun frá 25. janúar 2023, lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir og gildandi Sóknaráætlun Suðurlands á hverjum tíma. Samningurinn tekur auk atvinnu- og byggðarþróunar til atvinnuráðgjafar, nýsköpunar, menningar, upplýsingaöflunar- og þekkingarmiðlunar. Árlegt framlag SASS vegna samningsins nemur kr. 7.500.000 í gegnum samning SASS við Byggðastofnun, en sveitarfélögin fjármagna hann að öðru leyti. Jafnframt var lagður fram samningur sveitarfélaganna fjögurra um samstarf um atvinnu- og byggðarþróun, þar sem kveðið er á um að framlag sveitarfélaganna vegna samningsins við SASS skiptist í jöfnum hlutföllum og að ráðinn verði byggðarþróunarfulltrúi í allt að 100% stöðugildi til að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í samningnum við SASS, auk verkefna sem snúa að ferða- og kynningarmálum, málum er varða fjölmenningu og eftirfylgni með nýrri atvinnuáætlun sveitarfélaganna. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir samhljóða samningana fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að skrifa undir samstarfssamninginn milli sveitarfélaganna í Uppsveitunum.

6. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borg.

Í ljósi álits og fyrirmæla innviðaráðuneytisins vegna stjórnarsýslu sveitarfélagsins í máli IRN22010877 samþykkir sveitarstjórn samhljóða eftirfarandi breytingar á gjaldskránni fyrir Íþróttamiðstöðina Borg og felur sveitarstjóra að tilkynna innviðaráðuneytinu niðurstöðuna.

Sund: fullorðnir, 18-66 ára börn, 10-17 ára

Stakt skipti 1.100,- kr. 500,- kr.
10 miða kort 6.500,- kr. 2.700,- kr.
30 miða kort 16.000,- kr. 7.000,- kr.
Árskort 37.000,- kr. 19.000,- kr.

Þreksalur:

Stakt skipti 1.600,- kr.
10 miða kort 11.500,- kr.
30 miða kort 22.500,- kr.
Árskort 37.000,- kr.

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín. 1.600,- kr.
Barn – 60 mín. 800,- kr.
Hálfur dagur 12.500,- kr.
Heill dagur 22.500,- kr.
Sturta 750,- kr.
Leiga á sundfatnaði 750,- kr.
Leiga á handklæði 750,- kr.
Handklæði og sundföt 1.100,- kr.

Eftirfarandi liðir gjaldskrár falla út frá og með 1. ágúst 2023:

Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.
Fullorðnir, 18-66 ára 15.000,- kr.
Börn, 10-17 ára 6.000,- kr.
Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu geta leigt íþróttasalinn fyrir afmælisveislu barna sinna fyrir kr. 6.500,-.

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II í Kerbyggð 7 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 30. júní 2023, um umsögn vegna rekstrarleyfis til sölu gistingar í flokki II í Kerbyggð 7 í Grímsnes og Grafningshreppi, fnr. 235-9213. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II í Kerbyggð 7 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gestafjöldi allt að 6 manns.

8. Önnur mál

a) Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 7. júlí 2023, um umsögn vegna tækifærisleyfis vegna útilægu nemenda Verzlunarskóla Íslands þann 29. til 30. júlí á tjaldsvæði í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemdir við veitingu tækifærisleyfisins með fyrirvara um jákvæða umsögn Brunavarna Árnessýslu og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.



Orðarugl

Getur þú fundið öll týndu orðin?

R V U G O I X A Y R M A Z R J
H U J V R F O U U T S J Q U N
H K T O I G T D V T P G G F P
F J F Ú M X L J U P Y N X Í Q
J E Á X L E T D X G V Y U N M
V S O L D K K F Q M B S U H A
B D A R P V A Y V U U Ú Y A Y
A I A U Í S L T T O W T D S K
Z V E Z U A Ö N Á Q R I E A W
L B Y X G A T M B K B L Z V S
L M B D Q G K T L T S E V W V
L A N D S M Ó T Á X W G S S Y
A R E V M A S P X N A A Z P T
F N Y B J U C B I J I A K G Y
Q W F E R W G F O O I V C X V

HJÁLPSÖM
LANDSMÓT
SAMVERA
SKÁTAKLÚTUR
STUÐKVÍ
SYNGJA
VARDELDUR
VASAHNÍFUR
VINÁTTA
ÚTILEGA

EFNISTÖKUSVÆÐI Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI

Nýverið sendi skipulagsfulltrúi UTU dreifibréf til landeigenda í Grímsnes- og Grafningshreppi sem hafa með námuréttindi að gera samkvæmt skilgreiningu aðalskipulags sveitarfélagsins. Í dreifibréfinu eru landeigendur hvattir til að sækja um framkvæmdaleyfi til UTU fyrir efnistöku sé hún til staðar og eftir atvikum að vinna tilkynningu vegna hugsanlegs umhverfismats á efnistöku til Skipulagsstofnunar.

Bréfin voru birt á [island.is](https://www.utu.is)

Sótt er um framkvæmdarleyfi í gegnum þjónustugátt UTU, sjá nánar hér:

<https://www.utu.is/thjonustugatt-utu/>

Nánari upplýsingar um umhverfismat framkvæmda má nálgast hér:

<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/um-umhverfismat-framkvaemda/>

Sé frekari upplýsinga óskað um næstu skref er hægt að senda fyrirspurn til skipulagsfulltrúa á netfangið skipulag@utu.is eða í síma 480-5550.

Unnin var skýrsla fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp 2022 þar sem úttekt var gerð á öllum núverandi námum innan sveitarfélagsins. Skýrsluna í heild sinni má nálgast hér: utu.is/wp-content/uploads/2023/07/Verkis-2022-Grimsnes_og_Grafningshreppur_Efnistokusvaedi.pdf



**Íþróttamiðstöðin
Borg**

Sumaropnun

1. júní – 20. ágúst

Mánudaga – fimmtudaga kl. 10:00 – 21:30

Föstudaga, laugardaga og sunnudaga
kl. 10:00 – 18:00

Vetraropnun

21. ágúst—31.maí

Mánudaga – fimmtudaga kl. 14:00 – 21:30

Föstudaga Lokað

Laugardaga og sunnudaga 10:00—18:00

**Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.**

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is